

Fimmtudaginn 18. júní 1998.

Nr. 70/1998.

Ákærvaldið(Ragnheiður Harðardóttir,
settur saksóknari)

gegn

Ólafi Guðmundssyni

(Kjartan Ragnars hrl.)

Líkamsárás. Eignaspjöll. Dýravernd.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 11. febrúar 1998. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið að nýju til aðalmeðferðar. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum ákærvalds eða einstökum ákæruliðum.

I.

Fjöleignarhúsinu að Neðstaleiti 1 í Reykjavík er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar er og lýst húsreglum og banni við hunda- og kattahaldi í húsinu nema með sérstöku leyfi allra íbúa þess svo og banni við að koma með hunda og ketti í húsið. Þetta bann virtu ekki mæðgurnar Kristín og Dagbjört Inga Olsen, er þær héldu á fyrri stigum tíkina Lady Queen og fengu hana síðar meir reglulega í heimsókn. Af þessu spruttu deilur milli þeirra og ýmissa annarra íbúa hússins. Í héraðsdómi er lýst atburði þeim, er varð í húsinu föstudaginn 16. maí 1997, þegar ákærði tók hundinn af Dagbjörtu Ingu Olsen í stigagangi þar. Í kjölfarið komst hundurinn sjálfur inn í íbúð ákærða eða var færður þangað af ákærða, en þar drapst hundurinn.

II.

Ákærði styður aðalkröfu sína þeim rökum, að héraðsdómur reisi niðurstöðu sína um sakfellingu hans einkanlega á vitnaskýrslu

Dagbjartar Ingu Olsen. Framburður vitnisins sé þó ótrúverðugur og skýrslur þess hjá lögreglu og fyrir dómi stangist á í veigamiklum at-riðum, en til þessa sé ekki litið í hinum áfrýjaða dómi. Verði af þess-um sökum að ómerkja héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað til aðalmeðferðar að nýju.

Í hinum áfrýjaða dómi kemur nægilega skýrt fram, hvað héraðs-dómari hefur talið sannað og með hverjum hætti, svo sem áskilið er í 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1994. Eru því ekki efni til að verða við aðalkröfu ákærða.

III.

Í fyrri lið ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ráðist á Dag-björtu Ingu Olsen og slegið hana í vinstri handlegg með þeim af-leiðingum, að hún hafi hlotið mar og eymsli á handleggnum. Ákærði viðurkennir að hafa slegið fremst á hönd Dagbjartar til að losa úr greip hennar ól, sem fest var um háls hundsins. Hann neitar hins vegar staðfastlega, að meiðsl hafi getað hlotist af þessu, enda hafi marblettir og hrufl á báðum handleggjum Dagbjartar verið mun ofar en hann hafi slegið.

Samkvæmt vottorði læknis, sem skoðaði Dagbjörtu í kjölfar þess-ara atburða, var hún aum á báðum upphandleggjum og höndum svo og á framhandlegg vinstra megin. Ekki verður komist hjá því að líta til þess, að samkvæmt framburði Dagbjartar lamdi hún og sparkaði nokkra stund á útihurð íbúðar ákærða, þegar hann var kominn þar inn ásamt hundinum. Í þeim atgangi brotnaði meðal annars gægju-gat á hurðinni, sem var í rúmlega hálfs annars metra hæð frá gólfi. Þá kvaðst Dagbjört hafa látið sig „rúlla niður stigann“, þegar hún var orðin örmagna. Þegar þetta er virt, verður að telja, að Dagbjört hafi getað hlotið áverka sína af þessum völdum. Ekki voru önnur vitni að átökum á milli Dagbjartar og ákærða. Er því ósannað gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um líkamsárás með þeim hætti, sem í ákæru greinir. Verður hann því sýknaður af sakargiftum um brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í síðari lið ákæru er ákærði borinn sökum um eignaspjöll og brot á lögum um dýravernd með því að veita hundinum áverka, sem

leiddu hann til dauða. Ákærði hefur lýst því, að í byrjun hafi hann ætlað að taka hundinn af Dagbjörtu og fara með hann út úr húsinu. Hundurinn hafi síðan hlaupið inn í íbúð ákærða og hann farið þangað inn og lokað dyrunum. Er í héraðsdómi lýst því, sem síðar gerðist, og hvernig hundurinn fannst dauður hangandi í ól sinni bundinni í hurðarhún. Ákærði hefur sjálfur lýst því, að hann hafi stigið á hundinn og bundið hann. Með vísan til forsendna héraðsdóms verður fallist á, að sannað sé, að hundurinn hafi drepist af völdum áverka, sem ákærði veitti honum. Ákærða gat ekki dulist, að atлага hans að hundinum gæti leitt hann til dauða. Með þessu braut því ákærði gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga svo og 2. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, en 14. gr. þeirra laga þykir ekki eiga við um þennan atburð.

IV.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður meðal annars að hafa hliðsjón af því, að hundurinn var hafður í húsinu að Neðstaleiti 1 í Óleyfi og að mæðgurnar Kristín og Dagbjört Inga Olsen höfðu oftlega ögrað ákærða og ýmsum öðrum íbúum hússins með brotum á banni við hundahaldi þar. Enn fremur verður tekið tillit til þess, sem í héraðsdómi greinir, að ákærði hefur ekki áður brotið gegn almennum hegningarlögum eða sérrefsilögum þeim, sem ákæra lýtur að.

Þegar þetta er virt, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt 200.000 krónur í ríkissjóð. Skal ákærði sæta varðhaldi í 35 daga, ef sektin greiðist ekki innan fjögurra vikna frá uppsögu þessa dóms.

Ákvæði héraðsdóms um kröfu ákæruvalds um, að ákærði verði sviptur heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, svo og skaðabótakröfur eru ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða gert að greiða helming sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir. Annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Guðmundsson, greiði 200.000 krónur í sekt í ríkissjóð, og komi 35 daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði að hálfu sakarkostnað málsins í héraði og

áfrýjunarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Kjartans Ragnars hestaréttarlögmanns, sem ákveðin eru í heild samtals 200.000 krónur. Þá greiði ákærði saksóknarlaun í ríkissjóð vegna meðferðar málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. janúar 1998.

Ár 1998, þriðjudag 13. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 927/1997: Ákærvaldið gegn Ólafi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 25. nóvember sl., á hendur ákærða, Ólafi Guðmundssyni, Neðstaleiti 1 í Reykjavík, kt. 210127-3219.

Í ákeru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirtalin brot, framin föstudaginn 16. maí 1997:

I. Líkamsárás.

Ráðist á Dagbjörtu Ingu Olsen, kt. 010256-3729, í stigagangi framan við íbúð sína að Neðstaleiti 1 og slegið hana í vinstri handlegg með þeim afleiðingum, að hún hlaut mar og eymsli á handleggnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

II. Brot gegn lögum um dýravernd og eignaspjöll.

Með framangreindri árás náð Yorkshire terrier-tíkinni Queeny úr gæslu nefndrar Dagbjartar Ingu, tekið utan um háls tíkurinnar, slegið hana með krepptum hnefa í höfuðið, fært hana inn í íbúð sína, stigið þar margsinnis ofan á hana og hengt lykkju á hálsól hennar á hurðarhún með þeim afleiðingum, að tíkin kafnaði og drapst, en við krufningu kom í ljós, að tíkin hlaut miklar blæðingar undir skinni á enni, miklar blæðingar yfir heilahimnu báðum megin í heilabúi og aftur með höfuðbeinum, og höfðu áverkarnar þessir valdið meðvitundarleysi tíkurinnar. Enn fremur voru blæðingar að mænuopi og inn í mænugöng, mænukólfur og fremsti hluti mænu umflotinn blæðingum, sem olli lömum tíkurinnar, og jafnframt voru verulegir skaðar á trýni og vinstra auga hennar.

Telst þetta varða við 2. gr. og 1. mgr. 14. gr., sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um dýravernd nr. 15/1994 og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og verði sviptur heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, sbr. 20. gr. laga um dýravernd.

Þá krefjast Inga Guðmundsdóttir, kt. 041236-4509, sem var skráður eig-

andi tíkurinnar, og Kristín Olsen, kt. 250632-2909, sem var eigandi hennar, þess, að ákærða verði gert að greiða þeim skaðabætur og miskabætur, að fjárhæð 732.853 kr., auk dráttarvaxta frá 10. ágúst 1997 til greiðsludags. Dagbjört Inga Olsen krefst skaða- og miskabóta úr hendi ákærða, að fjárhæð 582.533 kr., auk dráttarvaxta frá 10. ágúst 1997 til greiðsludags“.

Föstudaginn 16. maí sl. kl. 11.11 voru tveir lögreglumenn í Reykjavík sendir að Neðstaleiti 1 vegna líkamsárásar í stigagangi hússins og kæru um dráp á hundi. Samkvæmt skýrslu annars lögreglumannsins var Dagbjört Inga Olsen í stigagangi á 2. hæð, mjög miður sín, grét og skalf. Sagði hún, að maður á 2. hæð, ákærði Ólafur Guðmundsson, hefði ráðist á sig, þar sem hún var á leið upp í íbúð móður sinnar á 3. hæð með hund móður sinnar, tíkina Queeny. Býr Dagbjört Inga einnig í íbúðinni.

Dagbjört Inga kvaðst hafa verið fyrir framan íbúð ákærða, þegar hann hefði komið út úr henni með svarta hanska, ráðist á sig með því að berja sig í maga og tekið af sér hundinn. Kvaðst Dagbjört Inga hafa reynt að ná hundinum, og hefði ákærði þá tekið í ól á veski, sem hún hefði haft um hálsinn. Hefði hún barist um og reynt að losa sig, því að ólin á veskinu hefði þrengt að hálsi sér. Kvaðst Dagbjört Inga hafa náð að losa sig með því að fara úr úlpunni, og hefði ákærði þá hrint sér, svo að hún hefði fallið á gólfið. Sagði Dagbjört Inga, að ákærði hefði haldið um hálsinn á dýrinu og barið það með krepptum hnefa í hausinn og lamið því utan í vegg. Kvaðst hún hafa reynt að ná til hundsins, en ákærði farið inn til sín með hann og lokað á eftir sér. Kvaðst Dagbjört Inga þá hafa reynt að komast inn til ákærða, en ekki tekist. Kvaðst hún hafa heyrt hljóðin í dýrinu fyrir innan dyrnar, en þau hafi þagnað.

Á stigaganginum fyrir framan íbúð ákærða mátti sjá skó, úlpu og veski, en úr því höfðu dottið peningaveski, lyklar og fleira dót, sem Dagbjört Inga átti. Einnig var þar svartur karlmannshanski.

Ákærði var inni í íbúð sinni, og ræddu lögreglumennirnir við hann. Kvaðst hann hafa verið á leiðinni út, þegar hann sá Dagbjörtu Ingu koma með hundinn. Kvaðst hann hafa reynt að ná honum af henni og ætlað að henda honum út úr húsinu. Hefði hundurinn þá hlaupið inn í íbúð sína, og þar hefði hann náð í ólina á honum. Hundurinn hefði hlaupið um og reynt að sleppa, en ólin vafist um háls honum og hann drepist.

Hundurinn var með rauða ól, um metra á lengd. Var búið að vefja ólinni utan um hurðarhúnninn á útihurð, og hékk hundurinn þar dauður, þegar inn var komið. Á gólfi í anddyri, þar sem hundurinn lá, mátti sjá blóðkám og einnig á vegg bak við hurðina. Hár úr feldi dýrsins var við þröskuld við úti-dyr.

Ákærði var handtekinn klukkan 12.45, fluttur á lögreglustöðina við Hverfisgötu og yfirheyrdur af rannsóknardeild lögreglunnar um tveimur tímum eftir handtökuna. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði verið á leið út úr íbúð sinni og ætlað í gönguferð. Þegar hann kom fram í stigaganginn, mætti hann Dagbjörtu Ingu, og var hún með hund, sem hún væri með alla daga, í ól, og var hún á leið heim til sín, en hún byggi á hæðinni fyrir ofan sig. Ákærði kvaðst vera formaður húsfélagsins, og þar sem hundahald væri bannað í húsinu og það vitað af öllum íbúum þess, hefði hann afráðið að taka hundinn af Dagbjörtu Ingu og koma honum út úr húsinu. Kvaðst ákærði hafa gripið í ólina, sem hundurinn var í, og togað hann til sín. En Dagbjört Inga hélt fast um ólina, og þegar ákærði togaði í hana, féll Dagbjört Inga við á gólfid, og hefði hann líklega slegið á hönd hennar, sem hélt um ólina, og náð að losa hundinn. Við þessi átök hefði hundurinn losnað og hlaupið inn í íbúð ákærða, sem stóð opin. Kvað ákærði Dagbjörtu Ingu hafa öskrað látlaust eftir hjálp og hún náð að sparka til sín, á meðan á þessum átökum stóð. Ákærði sagðist hafa ætlað að ná hundinum, þegar hann fór inn í íbúð hans, og hefði hann farið áleiðis inn til sín og Dagbjört Inga fylgt sér eftir áleiðis inn í íbúðina, en hann ýtt við henni og lokað dyrunum að íbúðinni. Ákærði kvaðst síðan hafa náð taki á hálsól hundsins, sem hefði látið mjög ófriðlega og kastaðist fram og til baka, en ákærði hélt fast um ólina, og slengdist hundurinn í veggina í látunum. Síðan var farið að draga af hundinum, en úr honum blæddi, og ákvað ákærði þá að binda hann fastan við hurðarhúnninn á útídyrahurðinni hjá sér, og hékk hann í ólinni, þegar ákærði skildi við hann, og var lifandi, þegar ákærði fór inn í íbúðina og hringdi eftir aðstoð lögreglu, sem kom á staðinn skömmu síðar. Ákærði kannaðist ekki við að hafa slegið hundinn með krepptum hnefa né slegið honum utan í vegginn í stigaganginum. Hafi hann einungis togað í ólina og losað hana úr höndum Dagbjartar Ingu með því að slá á hönd hennar, en hún hafi að vísu haldið mjög fast um ólina. Ákærði kannaðist ekki við að hafa tekið í ól á veski Dagbjartar Ingu, svo að hann hafi strekkt hana um háls henni, og ekki snert á veski hennar. Ákærði tók ekki eftir því, að Dagbjört Inga væri komin úr úlpu sinni, áður en hann fór inn í íbúð sína á eftir hundinum. Í lok yfirheyrslunnar vildi ákærði, að það kæmi fram, að Dagbjörtu Ingu hefði verið ljóst, að hundahald væri bannað í húsinu, en þrátt fyrir bannið hefði hún haldið og haft hundinn hjá sér. Þá vildi ákærði, að það kæmi fram, að hundurinn hefði látið mjög illa, þegar hann hélt í hann, og vegna atgangs hans hefði hann átt sinn þátt í því, hvernig fór. Sagði ákærði deilu um hundinn hafa staðið yfir í mörg ár.

Ákærði kom að eigin frumkvæði að nýju í rannsóknardeild lögreglunnar 20. maí sl. og óskaði eftir að skýra nánar frá málsatvikum.

Ákærði vildi, að fram kæmi, að þegar Dagbjört Inga hefði sparkað til sín, hefði hann hlotið áverka á hægri fæti, en hann ekki talið ástæðu til þess að láta lækni líta á meiðslin. Í skýrslunni segir, að sjá megi hrúfl á hægri legg ákærða. Þá vildi ákærði, að fram kæmi, að eftir að hann var kominn inn í íbúð sína, hefði Dagbjört Inga líklega sparkað og barið á hurðina hjá sér og hann heyrt í henni, þar sem hún stóð fyrir framan dyrnar og kallaði á hjálp. Við þessa barsmið hefði brotnað gægjugat, sem væri á hurðinni hjá sér, og væri ekki ólíklegt, að hún hefði meitt sig á því, þar sem glerið hefði brotnað. Einnig vildi ákærði, að fram kæmi, að eftir að hann hefði verið kominn inn í íbúð sína og verið að reyna að hemja hundinn, hefði hann haldið í ólína og stigið á hundinn oftár en einu sinni til þess að reyna að róa hann, en hann hefði verið alveg óður. Kvaðst ákærði hafa notað töluvert afl við þetta, þar sem hann hefði verið hræddur um, að hundurinn biti sig. Sagði ákærði, að þegar hann hefði náð tökum á hundinum og náð að binda ólína fasta við hurðarhúnninn, hefði hundurinn verið lifandi. Fór ákærði þá inn og hringdi á aðstoð lögreglu. Kvaðst ákærði ekki hafa snert hundinn, eftir að hann batt hann fastan.

Dagbjört Inga gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglu 21. maí sl. Kom þar fram, að hún hefði kvöldið fyrir umræddan atburð sótt tíkina Queeny til frænku sinnar, Ingu Guðmundsdóttur, sem hefði verið eigandi hundsins, og tilgangurinn verið að hafa hann hjá Dagbjörtu Ingu og móður hennar, en þær hefðu átt hann áður, en ekki haft leyfi til þess að halda hann á heimili sínu að Neðstaleiti 1. Hefði honum því verið komið til Ingu. Kvaðst Dagbjört Inga hafa haft það fyrir reglu að tilkynna til heilbrigðiseftirlitsins, þegar hún hefði náð í hundinn til að hafa hann í heimsókn, en samkvæmt lögum væri leyfilegt, að hundurinn kæmi í heimsókn til þeirra. Umræddan dag var Dagbjört Inga að koma úr verslunarferð með hundinn og á leið í íbúð sína á 3. hæð hússins með tvo innkaupapoka og hélt jafnframt í ólína, sem hundurinn var í. Þegar hún var að komast upp á 2. hæð, þar sem ákærði býr, sá hún hann kominn fram á gang með dökka hanska á höndum. Varð Dagbjörtu Ingu starsýnt á hanskana og sagði við hundinn að vera alveg við sig. Ætlaði hún síðan að ganga fram hjá ákærða. Var hún búin að setja báða innkaupapokana í aðra höndina og hélt með hinni í ólína og dró hundinn nær sér. Vissi hún síðan ekki fyrir en ákærði réðst að sér og reif af sér pokana, og köstuðust þeir á gólfið. Síðan reyndi ákærði að ná af sér hundinum með því að taka í ólína. Þá lamdi hann í höndina, sem hélt um ólína, og náði að taka hundinn. Sá Dagbjört Inga, að ákærði margkýldi hundinn í höfuðið, en síðan sparkaði hann í magann á henni, því að hún reyndi eftir mætti að halda hundinum. Sagðist Dagbjört Inga hafa margbeið ákærða

að sleppa hundinum, þar sem hann gæti enga björg sér veitt; skyldi hann heldur ráðast á sig, og ef hann vildi, skyldi hann frekar ganga af sér dauðri en meiða hundinn. Þá sagði Dagbjört Inga, að áður en ákærði hefði sparkað í sig, hefði hann verið búinn að berja sig í magann. Eftir þetta urðu frekari átök á milli þeirra, og eftir að ákærði hafði sparkað til Dagbjartar Ingu og hún fallið í gólfið, komst ákærði með hundinn inn í íbúðina til sín og lokaði á eftir sér. Kvaðst Dagbjört Inga hafa orðið örvinuð, því að hún hefði heyrt ýlfrið og veinið í hundinum í gegnum dyrnar og strax gert sér grein fyrir því, að ákærði væri að vinna honum mein. Reyndi hún eftir mætti að opna dyrnar og braut gægjugat á hurðinni og margreyndi að opna hana, en tókst ekki. Kvaðst Dagbjört Inga hafa margsinnis kallað á ákærða og beðið hann að hætta þessu og auk þess kallað látlaust á hjálp. Hún kvaðst síðan hafa sest á gólfið og reynt að brjóta upp dyrnar að íbúð ákærða með fótunum. Síðan heyrði hún, að allt var þagnað inni í íbúð ákærða, og þar sem hún var orðin mjög máttfarin, reyndi hún að standa upp, en tókst ekki. Kvaðst hún síðan hafa komist niður á næstu hæð og náð að kalla eftir aðstoð hjá Jakobi, íbúa á 1. hæð. En stuttu síðar kom lögreglan, og hefði sér þá verið hjálpað á fætur af henni og Jakobi og lögreglan aðstoðað sig við að komast upp í íbúð sína. Þar sagði hún móður sinni, að ákærði væri búinn að drepa hundinn, en það hefði sér orðið ljóst, þegar barsmíðunum lauk í íbúð ákærða. Lögreglan flutti síðan Dagbjörtu Ingu á slysadeild til skoðunar. Dagbjört Inga óskaði eftir þyngstu refsingu, sem lög leyfðu, ákærða til handa.

Auk ákærða og Dagbjartar Ingu voru móðir hennar, Kristín Olsen, kona, sem var hjá henni, tveir aðrir íbúar hússins, skráður eigandi hundsins, hundaefirlitsmaður og lögreglumenn, sem komu á vettvang, yfirheyrð hjá rannsóknardeild lögreglu. Ekki þykir ástæða til að gera sérstaka grein fyrir þessum yfirheyrslum, en allir þessir aðilar komu fyrir dóminn við meðferð málsins nema Kristín, móðir Dagbjartar Ingu.

Dagbjört Inga kom á slysa- og bráðamóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur kl. 12.18 umræddan dag. Í vottorði Friðriks Sigurbergssonar, læknis á deildinni, dagsettu 31. maí sl., segir, að Dagbjört Inga hafi lýst atburðarásinni þannig, að sá, sem réðst að henni, hefði slegið sig í kvið, þvingað sig upp að vegg með hné sitt í kvið sér og tekið af sér hundinn. Síðan er í vottorðinu gerð grein fyrir skoðun á Dagbjörtu Ingu, og segir svo um hana:

„Konan er í miklu uppnámi við komu hingað, grætur. Engin áverkamerki eru á höfði og engin á brjósti, en hún kvartar um verki neðarlega í kvið. Við skoðun á kvið er þó ekkert athugavert að finna, engin þreifiefymsli. Við skoðun á efri útlimum er hún greinilega aum á upphandlegg vinstra megin

og einnig framhandlegg vinstra megin og hendinni vinstra megin. Hún er einnig aum á framhandlegg hægra megin og á hendi sömum megin. Sjá má töluvert af litlum hruflsárum á báðum höndum og eitt töluvert stórt skrap-sár aftan til miðlægt á hægri framhandlegg. Á vinstri hendi má sjá roða á húð. Þetta vekur grun um byrjandi mar bæði á upphandlegg og framhandlegg. Við skoðun á neðri útlimum kvartar hún um eymsli innanvert á hægri hæl, en engin áverkamerki sjást.“

Samkvæmt vottorði læknisins leitaði Dagbjört Inga aftur á slysadeildina 22. maí sl. vegna þráláttra óþæginda og kvartaði nú um óþægindi í hálsi, baki og í höfði. Segir í vottorðinu, að þessi óþægindi muni hafa komið í ljós eftir skoðun á deildinni 16. maí og farið versnandi. Kvaðst Dagbjört Inga hafa sofið illa vegna þessara verkja. Einnig kvartaði hún um að hafa haft stöðuga kviðverki og verið með ógleði, frá því að umræddur atburður varð. Síðan segir í vottorðinu:

„Við skoðun 22. 5. 1997 sést dálítið skert hreyfigeta í hálsi. Hún er með stífa vöðva í herðum og hálsi, aum yfir hálsvöðvum og einnig aum yfir vöðvum við herðablað hægra megin. Á höndum má sjá sár í gróanda á svæði, þar sem áður voru skrapsár. Talsvert mar er komið út yfir olnboga á vinstri handlegg og einnig á framhandlegg vinstra megin. Skoðun á kvið nú er einnig innan eðlilegra marka, þó að hún kvarti um dreifð eymsli við þreifingu. Áfram eru væg eymsli á hægri hæl innanverðum, en engin áverkamerki að öðru leyti. Hinn 22. 5. er hún áfram í dálitlu andlegu ójafnvægi og líður illa að sögn, er vegna þessa sett í samband við deildarlækni á geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur.“

Að lokum segir svo í lok skýrslunnar:

„Niðurstaða:

Skoðun bæði 16. 5. 1997 og 22. 5. 1997 leiðir í ljós greinileg merki þess, að konan hafi getað lent í ryskingum, og geta áverkamerki sjúklings samrýmst ofangreindri atburðarás. Þessir áverkar virðast ekki vera alvarlegs eðlis, og eru allar líkur á því, að hún eigi eftir að ná sér að fullu, hvað varðar líkamsáverka. Er ekki fyrirhugað nánara eftirlit á vegum slysadeildar.“

Hundurinn var krufinn að Keldum af dýralæknunum Sigurði Sigurðarsyni og Eggerti Gunnarssyni, sem hafa gert skýrslu um krufninguna, og er hún dagsett 20. maí sl. Í upphafi er gerð grein fyrir forsögu krufningarinnar, en síðan segir svo í skýrslunni:

„Athugun.

Tíkin er meðalstór, 11,75 kg, í góðum holdum og vel á sig komin, að því er virðist. Okkur er ókunnugt um aldur eða uppruna. Hún er gul eða gulbleik, með grátt bak (gulkolótt), loðin, en ekki hrokkin, og er líklega terr-

ier. Svo virðist sem hún sé ekki beinbrotin, og ekki er áverka að finna annars staðar en á höfði. Þar eru blæðingar um andlitið neðanvert frá litlu sári, sem er yfir vinstra auga og úr nösum.

Krufning.

Áverkar sjást ekki á dýrinu aðrir en smásár á augabrún yfir vinstra auga, þar sem húðin hefur sprungið. Úr því hefur blætt talsvert yfir allt trýnið neðan augna og milli þeirra. Miklar blæðingar eru undir skinni á enni. Blæðingar eru í vöðvum yfir auga og á kinn. Blætt hefur undir vinstra auga og það þrýst nokkuð út. Ekki er hornhimna sködduð, og blætt hefur í augað, bæði í forhólf þess og bak við sjáaldur. Hvítan í báðum augum er rauðlituð af blóði, einkum þó í vinstra auga. Blæðingar eru í nasaholi og slímhúð þar mjög þrútin af blóði. Dökkvi, þ. e. blóðsöfnun og smáblæðingar í vöðvum á hálsi fram undir haus.

Blæðingar miklar eru yfir heilahimnu báðum megin í heilabúi, einkum vinstra megin, að því er virðist af höggum, einnig aftur með höfuðbeinum að mænuopi og inn í mænugöng. Mænukólfur og fremsti hluti mænu er umflotinn blæðingum. Höfuðbein eru óbrotin, en brjósk í trýni vinstra megin er skaddað. Bjúgur er í lungum og smáblæðingar, hjarta er slappt og útþanið. Lítils háttar aukning (5–10 ml) er á vökva í brjóstholi, blóðlitaður vökvi, um 30 ml, er í kviðarholi, líklega frá smásprungu í lifur. Blóðið er mjög dökkt og ber merki um súrefnisskort. Að öðru leyti eru líffæri eðlileg.

Ályktun.

Dýrið virðist hafa fengið þung höfuðhögg, einkum yfir vinstra auga. Það hefur alls ekki getað veitt sér þessa áverka sjálft. Sprungið hefur fyrir á augabrún, og miklar blæðingar eru í vöðvum. Höfuðkúpa er ekki brotin. Blæðingar til heilabús, sem voru talsvert miklar, hafa þrýst á heila og ásamt höfuðhöggum valdið meðvitundarleysi. Blæðingar til mænukólfs og mænu hafa að öllum líkindum lamað dýrið. Blóðið er mjög dökkt og ber öll merki súrefnisskorts. Dauði hefur orðið af köfnun.“

Í leyfi, út gefnu árið 1996, til handa frænku Dagbjartar Ingu, Ingu Guðmundsdóttur, Hlíðarhjalla 62 í Kópavogi, til að halda tíkina í Kópavogi, segir, að hún sé fædd árið 1991, af tegundinni Yorkshire-terrier og beri heitið Lady Queen. Skráningarnúmer tíkunnar var K-669.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði neitar sakargiftum og kannast hvorki við að hafa gerst sekur um líkamsárás á Dagbjörtu Ingu né að hafa brotið gegn lögum um dýravernd eða gerst sekur um eignaspjöll með afskiptum sínum af tíkinni Queeny. Ákærði kveðst hafa verið að fara út úr íbúð sinni um kl. 11 umræddan

morgun og ætlað út úr húsinu að Neðstaleiti 1. Um leið og ákærði kom út úr íbúðinni, mætti hann Dagbjörtu Ingu, sem var á leið upp stigann með hundinn í bandi. Segir ákærði, að hundurinn hafi verið kominn upp á stiga-pallinn við íbúð sína, en Dagbjört Inga hafi verið tveimur, þremur þrepum neðar í stiganum. Kveðst ákærði allt í einu hafa ákveðið að taka hundinn af Dagbjörtu Ingu og fara með hann út úr húsinu. Þegar ákærði tók þessa ákvörðun, var hann ekki búinn að loka dyrunum að íbúð sinni. Minnir ákærða, að hann hafi sagt við Dagbjörtu Ingu, að allt hundahald væri bann-að í húsinu. Um leið greip ákærði í ólina, sem hundurinn var festur við, og rykkti í hana þrisvar, fjórum sinnum. Hélt Dagbjört Inga fast í ólina, svo að ákærði dinglaði eða sló með hendinni á hönd henni, sem hélt um ólina. Sleppti hún þá takinu, en ákærði kippti í ólina, svo að hundurinn hentist til í áttina að íbúðardyrum ákærða og fór inn í íbúðina, en ákærði missti af ól-inni. Ákærði ætlaði inn í íbúðina á eftir hundinum og var kominn í dyrnar, þegar Dagbjört Inga réðst á ákærða og sparkaði í hann. Ákærði ýtti henni frá sér og lokaði dyrunum. Stóð Dagbjört Inga fyrir utan dyrnar, þegar ákærði lokaði þeim. Hundurinn var mjög rólegur fyrst og fór ekki langt inn í íbúðina. Náði ákærði í ólina, sem hann var festur í, og var hundurinn kyrr hjá honum í fyrstu.

Ákvað nú ákærði að hringja í lögregluna til að biðja hana um að fjarlægja hundinn, en ákærði hafði verið hvattur til þess af heilbrigðiseftirlitinu að láta lögregluna vita, ef hundurinn kæmi í húsið, og láta það fjarlægja hann. En áður en ákærði gæti hringt, hófust miklar barsmíðar á dyrnar að íbúð-inni, og um leið fór Dagbjört Inga að öskra, bæði að hrópa á hjálp og að hringja skyldi á Stöð 2. Við þetta fór hundurinn að láta mjög ófriðlega og hljóp til og frá rétt innan við dyrnar og varð brátt alveg óður. Rakst hann á hlaupunum í vegginn, hurðina og ofninn og kannski skáp, sem þarna er. Reyndi ákærði að hemja hundinn, m. a. með fætinum. Var ákærði hræddur um, að hundurinn reyndi að bíta sig, og einnig gerði hann þetta til að stöðva hundinn, svo að hann gæti bundið hann og komist í símann. En bar-smíðarnar á hurðina héldu stöðugt áfram, og braut Dagbjört Inga gægjugat á hurðinni. Eru á hurðinni eftir barsmíðar Dagbjartar Ingu för eftir skó hennar, að ákærði telur. Þá eru rispur við gægjugatið og gætu verið eftir hring á hendi Dagbjartar Ingu. Eftir ekki langan tíma fór að draga af hund-inum, og gat ákærði þá bundið hann við hurðarhúnninn með ólinni. Hélt nú ákærði, að dregið hefði af hundinum og að ólin um háls hans hefði hert að, þar sem hún vafðist utan um hálsinn. Gerði ákærði sér ekki grein fyrir því fyrr en síðar, að hundurinn hefði hugsanlega eitthvað vankast eða rotast við að slást í ofninn og vegginn. Batt nú ákærði hundinn, en fór svo í sím-

ann og hringdi í lögregluna og bað hana að koma og fjarlægja óðan hund. Ákærði sat eftir símtalið við símann og var að jafna sig, og voru þá enn högg á hurðina utan frá. Ákærði heyrði ekkert í hundinum, þar sem hann sat þarna, en heyrði, að fólk var komið frammi á ganginum. Fór ákærði þá fram að dyrunum og opnaði þær. Var lögreglan þar komin, og hleypti ákærði inn lögreglumanni og lögreglukonu.

Þegar hér var komið, var ákærði ekki farinn að gera sér fyllilega grein fyrir því, að hundurinn væri dauður, en hann hékk í ólinni á hurðinni og var a. m. k. farið að draga af honum. Ákærði man ekki nákvæmlega, hvenær hann sá fyrst blóð úr hundinum í íbúðinni, en það var annaðhvort, þegar lögreglumaður losaði hundinn af hurðarhúninum eða þegar ákærði sótti poka til að setja hundinn í, en lögreglumaðurinn bað um poka í því skyni og sagði hundinn dauðan. Minnir ákærða, að blóðkám hafi verið undir hundinum, þar sem hann var við dyrnar. Fljótlega eftir að hundurinn hafði verið settur í poka, settist ákærði niður með lögreglukonunni. Ákærði neitar að hafa slegið hundinn og kannast ekki við að hafa sparkað í hann. Aftur á móti segist ákærði hafa nokkuð oft stigið ofan á hundinn inni í íbúðinni, þegar hann var að reyna að hemja hann, og á fleiri en einn stað og þar á meðal á höfuð. Ákærði sá hundinn hreyfast, eftir að hann hafði fest hann á hurðarhúnin, og taldi hann því lifandi. Ákærði segir, að hundurinn hafi náð niður á gólfíð, fyrst eftir að hann var festur á hurðarhúnin með ólinni. Ákærði kveðst ekki hafa staðið stöðugt með fótinn ofan á hundinum, heldur ýtt fætinum ofan á hann til að hemja hann. Ekki kveðst ákærði hafa þrýst fætinum á höfuð eða bók hundsins og fullyrðir, að það hafi ekki verið í huga sér að meiða eða drepa hundinn. Ákærði kveðst hafa verið með hanska á höndum, þegar hann var að fara út umrætt sinn, ekki til að hafa afskipti af hundinum, heldur vera vanur að hafa hanska á höndum, þegar hann fer út, þó ekki að sumarlagi. Ákærði vissi ekki, að Dagbjört Inga væri að koma upp stigann með hundinn, þegar hann var að fara út úr dyrunum hjá sér. Ákærði kveðst ekki hafa séð til hundsins, á meðan hann var að tala í símann við lögregluna, né fyrir komu hennar.

Vitnið Dagbjört Inga kveðst hafa sótt tíkina Queeny að kvöldi fimmtudagsins 15. maí sl. til frænku sinnar, Ingu, og verið að fá tíkina í heimsókn á heimili sitt og móður sinnar. Árdegis næsta dag hélt vitnið með tíkina í innkaupaferð í verslun í næsta nágrenni. Síðan hélt vitnið til baka og gekk áleiðis upp stigana, en þegar það var komið að stigapallinum, þar sem gengið er inn í íbúð ákærða, sá það hann standa þar á pallinum, og voru dyrnar að íbúð hans lokaðar. Vitnið tók sérstaklega eftir því, að ákærði var með svarta hanska á höndunum. Vitnið hélt á tveimur innkaupapokum

í vinstri hendi, en í hinni hægri bar vitnið tíkina og hélt henni upp að sér. Þá var hálsólin fest við tíkina. Vitnið segir, að ákærði hafi slegið á báðar hendur þess, svo að það missti pokana. Þá náði ákærði tíkinni af vitninu, en það dofnaði í báðum höndum við högg ákærða. Eftir að ákærði hafði náð tíkinni, byrjaði hann að lemja tíkina í framan og laust hana margsinnis. Féll vitnið við högg ákærða, en reyndi að standa upp. Hafi ákærði þá lamið það aftur og síðan farið að sparka í það, en vitnið stóð upp við vegginn, sem er til hliðar við dyrnar að íbúð ákærða. Tókst vitninu ekki að standa upp, en horfði á ákærða fara með tíkina inn í íbúð sína. Rétt áður en ákærði lokaði íbúðinni, sá vitnið tvo íbúa í húsinu koma niður stigann. Voru það Guðlaug Gísladóttir og stúlka, sem vann við heimilisstörf hjá móður vitnisins. Bað vitnið þær að hjálpa sér til að standa á fætur, en telur þær hafa orðið hræddar, og gerðu þær það ekki, heldur fóru aftur inn til sín. Færði vitnið sig þá nær dyrum ákærða og tók að sparka í hurðina, en vitnið heyrði hljóðin í tíkinni innan við dyrnar og barsmíðar ákærða. Kallaði vitnið í sífellu á hjálp, meðan á þessu stóð, og vænti lögreglunnar. Vitnið lét sig, eins og það orðar það, „rúlla niður stigann“, en veit þó ekki nákvæmlega, hvernig það fór niður. Þá var engin lögregla komin. Fór vitnið að dyrum að íbúð á 1. hæð og hringdi, en enginn svaraði. Hringdi vitnið þá bjöllu við dyr íbúðar Jakobs Tryggvasonar, og kom hann sjálfur til dyra. Bað vitnið Jakob aðstoðar, en það lá í gólfinu. Hafi Jakobi dauðbrugðið og ekki virst gera sér grein fyrir, hvað var að gerast. Bað vitnið Jakob að fara inn og bjarga tíkinni, en ákærði væri að drepa hana eða búinn að því. Man vitnið ekki, hvoru það hélt fram við Jakob. Um þetta leyti kom lögreglan í húsið, og var vitninu veitt aðstoð við að komast inn til sín. Vitnið segir doðann, sem kom við högg ákærða, hafa verið svo mikinn, að það hafi ekki fundið til handanna. Telur það sig hafa sparkað í hurðina hjá ákærða, þar sem það hafi ekki notað hendurnar til að berja á hana. Hafi það misst mikinn kafla úr minni sínu, meðan á öllu þessu stóð, og geti því ekki svarað, hvernig það hafi megnað að brjóta gægjugat á hurðinni miðað við ástand handa sinna. Vitnið segir framburð vitnanna Ingu og Öldu Sigrúnar um veru tíkurinnar í húsinu að Neðstaleiti 1 réttan og tekur fram, að það hafi alltaf látið Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vita, þegar tíkin átti að koma í húsið. Hústjórninni að Neðstaleiti 1 var hins vegar ekki skýrt frá, þegar tíkin átti að koma þangað.

Vitnið Inga Guðmundsdóttir kveðst hafa verið skráð eigandi hundsins frá því síðast í maí 1996. Vitnið keypti ekki hundinn, en það hafi verið viðstatt, þegar hundaeftirlitsmenn ætluðu að taka hundinn af mæðgunum Kristínu og Dagbjörtu Ingu. Bauðst það þá til að taka hundinn og gerði það með samþykki þeirra, og að ráði lögmanns lét það skrá sig sem eiganda

hundsins. Stóð vitnið í þeirri trú á þeim tíma, að aðeins yrði um tímabil að ræða, þar til þær mæðgur fengu leyfi til að hafa hundinn. Vitnið kveðst hafa haldið hundinn á heimili sínu, en farið með hann í heimsókn til þeirra mæðgna eftir að hann hafi verið á heimili sínu óslitið í tvo mánuði. Var það, eftir að lögmenn höfðu sagt vitninu, að það væru mannréttindi að mega fara með hunda í heimsókn í hús, og vitnuðu lögmennirnir í einhver lög. Vitnið segir þær mæðgur hafa alltaf haft hundinn um hátíðar, eftir að vitnið var skráð fyrir honum, og þar að auki hafi þær haft hann að meðaltali viku til tíu daga í mánuði. Var farið varlega í þetta, vegna þess að málið var alltaf í nefndum.

Vitnið Jakob Jakobsson Tryggvason býr á 1. hæð til hægri að Neðstaleiti 1, og nær íbúðin einnig niður á hæðina fyrir neðan. Vitnið var statt þar laust eftir kl. 11 umræddan dag, þegar bjöllunni á hæðinni fyrir ofan var hringt, og fór vitnið þá upp og opnaði dyrnar. Sá vitnið þá Dagbjörtu Ingu sitja í hnipri í horni við íbúðina á móti. Var hún mjög illa haldin og bar sig illa. Þá voru föt hennar aflaga. Sagði hún ákærða hafa ráðist á sig og slegið sig eða sparkað í magann á sér. Man vitnið ekki, hvort hún sagði. Þá sagði hún, að ákærði hefði rífið af sér hundinn. Vitnið gekk upp stigann ásamt Dagbjörtu Ingu, og voru þá lögreglumenn komnir í húsið, þar á meðal frændi Dagbjartar Ingu, Eðvarð Örn, sem tók hana alveg að sér. Vitnið kveðst hafa litið í gættina á íbúð ákærða og séð í skott hundsins og blóð á gólfinu, en það fór ekki inn í íbúðina. Vitnið kveðst hafa flust í ágúst 1996 í íbúð sína, en áður en það keypti hana, spurði það seljandann, hvort hundamálinu væri lokið, sem það hafði heyrt ávæning af. Var fullyrt við vitnið, að málinu væri lokið, og því keypti vitnið íbúðina, en hefði ekki gert það ella. Vissi vitnið ekki, að málinu væri ólokið, fyrr en á aðalfundi húsfélagsins í janúar 1997, en hann fór að mestu í það mál, og lagði formaðurinn, ákærði, á fundinum fram bunka af lögregluskýrslum og öðrum gögnum um hundamálið. Vitnið varð ekki fyrir neinu ónæði af hundinum Queeny, eftir að það kom í húsið, og sá hann þar aðeins í örfá skipti og þá á leið inn í eða frá íbúð þeirra mæðgna, og var jafnan haldið á honum.

Vitnið Guðlaug Gísladóttir býr í íbúð á 3. hæð að Neðstaleiti 1, og er íbúð vitnisins á móti íbúð Kristínar og Dagbjartar Ingu. Vitnið heyrði umrætt sinn mikinn hávaða og læti frammi á gangi og fór fram og hitti þá Kristínu og Öldu, þar sem þær voru einnig komnar fram á ganginn. Sagði Kristín, að ráðist hefði verið á Dagbjörtu Ingu, og bað vitnið að fara niður að athuga málið. Vitnið gerði svo og sá Dagbjörtu Ingu sitja á ganginum yfirkomna af skelfingu. Sagði hún, að ákærði hefði ráðist á sig, tekið af sér hundinn og myndi ætla að drepa hann. Horfði vitnið á Dagbjörtu Ingu

sparka látlaust í dyr ákærða, og kveðst vitnið hafa sagt henni að hætta þessu, enginn maður myndi drepa hundinn. En Dagbjört Inga lét ekki segi-ast og kallaði upp til móður sinnar að hringja á lögreglu og sjúkrahfíl. Vitnið bað Dagbjörtu Ingu að reyna að vera rólega og fór síðan upp aftur, enda taldi það sig ekki geta gert neitt frekar. Vitnið sá ekkert inn í íbúð ákærða í þetta sinn. Vitnið kveður hund þeirra mæðgna hafa verið í húsinu öðru hverju sl. ár, og telur vitnið, að þeim mæðgum hafi verið ráðlagt að bera hann upp og niður stigana, þegar hann kæmi í húsið. Vitnið varð aldrei fyrir neinu ónæði af hálfu hundsins.

Vitnið Alda Sigrún Ottósdóttir, Bollatanga 9 í Mosfellsbæ, vinnur við heimaþjónustu Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og var í starfi sínu hjá henni statt í íbúð Dagbjartar Ingu og Kristínar umræddan dag. Hafði vitnið komið kl. 9 um morguninn. Var þá hundurinn Queeny í íbúðinni. Vitnið telur, að klukkan hafi verið um 10.30, þegar Dagbjört Inga fór út með hundinn, og var förrinni heitið í verslun. Nokkru seinna heyrði vitnið hávaða frammi á gangi. Fór vitnið þá fram að athuga, hvað um væri að vera. Heyrði vitnið þá í Dagbjörtu Ingu, og var hún að öskra og sparka í íbúðardyr ákærða. Ekki sá vitnið hundinn. Þá heyrði vitnið Dagbjörtu Ingu segja, að ákærði væri að drepa hann. Vitnið reyndi að róa Dagbjörtu Ingu þar á ganginum. Sá það hana leggjast í gólfið við dyr að íbúð ákærða og halda áfram að sparka í þær. Hafi þetta endað þannig, að hún hafi tekið innkaupapokana, sem Dagbjört Inga var með, og borið þá upp í íbúðina, en skilið Dagbjörtu Ingu eftir. Þá hringdi vitnið á lögregluna, sem kom nokkru síðar, en áður fór vitnið aftur niður að sinna Dagbjörtu Ingu, sem enn lá á sama stað og sparkaði áfram í dyrnar hjá ákærða. Rétt í þessu kom lögreglan, og fór vitnið þá upp aftur, og eftir stutta stund kom lögreglan með Dagbjörtu Ingu upp. Vitnið heyrði, þegar það kom niður, að hundurinn var að krafsa í hurðina að innanverðu, en ekki heyrði vitnið hann gelta. Vitnið vann hjá þeim mæðgum öðru hverju í einn mánuð um mitt ár 1996 og aftur frá miðjum apríl fram í miðjan maí 1997, og var vitnið í síðasta skipti hjá þeim, þegar umræddur atburður gerðist. Vitnið var alltaf á föstudögum, og var hundurinn alltaf á heimili þeirra mæðgna, þegar vitnið kom þangað.

Vitnið Ágústa Pétursdóttir Snæland lögreglumaður sá vitnið Dagbjörtu Ingu sitjandi á stigaprepi fyrir utan íbúð ákærða. Var hún mjög æst, grét og talaði samhengislaust. Veski hennar lá á stigapallinum og hlutir úr því dreifðir um hann. Þá voru skór hennar og yfirhöfn einnig á pallinum. Vitnið hjálpaði Dagbjörtu Ingu upp í íbúð á 3. hæð, og hélt vitnið þar áfram að tala við hana og reyndi að fá fram hjá henni, hvað gerst hefði. Kom fram í samhengislausu tali hennar, að hundur hennar hefði verið drepinn, og var

hún mjög hrædd. Reyndi vitnið að róa Dagbjörtu Ingu og skildi síðan við hana hjá móður hennar og manni, sem þar var gestkomandi. Eftir það hélt vitnið niður í íbúð ákærða, en þar var starfsfélagi vitnisins, sem komið hafði með því í húsið. Starfsfélagi vitnisins benti því á hund, sem lá á gólfinu innan við íbúðardyrnar, og sagðist hafa tekið ól hans af hurðarhúninum. Var blóðkám á gólfinu og hárflygsur. Vitnið sá ekki hundinn hanga á hurðarhúninum.

Vitnið Kristján Kristjánsson lögreglumaður fór á vettvang ásamt Ágústu Pétursdóttur lögreglumanni. Þegar þau komu inn í húsið, kom á móti þeim niður stigann kona, sem var greinilega mjög miður sín. Fór starfsfélagi vitnisins að sinna konunni, en vitnið fór inn í íbúð ákærða á 2. hæð og ræddi þar litillega við hann. Dyrnar að íbúð ákærða voru hálfopnar, þegar vitnið fór þar inn, og þegar vitnið ýtti á hurðina, fann það fyrir fyrirstöðu. Kannaði vitnið málið frekar, og lá þá hundur á gólfinu meðfram hurðinni að innanverðu. Var hálsól hundsins bundin í hurðarhúnin, og hékk hundurinn þar í ólinni með höfuð 5–10 cm frá gólfi. Vitnið kveðst hafa losað hundinn til að kanna frekar ástand hans og sá, að hann var dauður. Sá vitnið blóðkám á vegg hægra megin, þegar komið er inn í íbúðina. Þá voru óhreinindi á gólfinu rétt innan við dyrnar. Ekki man vitnið, hvort blóð var þar, en saur var fyrir aftan hundinn, þar sem hann lá. Vitnið minnir, að krais hafi verið á hurðinni innanverðri, en vill ekki fullyrða þetta. Vitnið tók ekki eftir ástandi hurðarinnar að utanverðu.

Vitnið Þórný Þórðardóttir, Fellsmúla 10 í Reykjavík, var við sumarafleysingar í lögreglunni í Reykjavík sl. sumar og fór að Neðstaleiti 1 umrætt sinn ásamt Eðvarð Olsen. Sá vitnið hundinn liggja dauðan á gólfinu fyrir innan dyr að íbúð ákærða, og hafði hann verið tekinn af hurðarhúninum. Þá sá vitnið blóðkám á gólfinu við dyrnar. Ekki man vitnið eftir að hafa séð blóðkám annars staðar í íbúðinni. Þá voru hárflygsur á gólfinu hjá hundinum. Vitnið fór einnig upp í íbúðina á 3. hæð, þar sem Dagbjört Inga var, og sá, að hún var miður sín.

Vitnið Eðvarð Örn Olsen lögregluvarðstjóri kom inn í íbúð ákærða, og hafði hundurinn þá verið settur í poka. Sá vitnið blóðkám á gólfi, veggjum og hurð innan við íbúðardyr. Þá sá vitnið saur á gólfi. Hundurinn var síðan settur á hurðarhúnin að fyrirsögn þess lögreglumanns, sem hafði tekið hann þaðan. Vitnið sá Dagbjörtu Ingu í íbúð á 3. hæð, og var hún í mjög slæmu andlegu ástandi. Taldi vitnið hana á að leita sér aðstoðar á slysadeild og veitti henni aðstoð við að komast þangað. Vitnið man, að Dagbjört Inga kvartaði um verki í handleggjum og bók, að vitnið minnir, en ekki sá það áverka á henni, svo að það muni.

Vitnið Jón Þórarinn Magnússon, Fagranesi við Vatnsenda í Kópavogi, er hundaeftirlitsmaður í Reykjavík. Árdegis margnefndan dag hringdi Kristín Olsen til vitnisins og skýrði frá því, að ákærði hefði tekið hund þeirra mæðgna, og það hún vitnið að koma og taka hann. Ekki minntist Kristín á, að hundurinn hefði verið drepinn. Vitnið fór að Neðstaleiti 1 þegar í stað, og var lögreglan enn í húsinu, þegar vitnið kom þangað. Þær mæðgur sögðu vitninu, að ákærði væri að drepa tíkina, en ekki sögðu þær í fyrstu, að tíkin væri dauð. En fljótlega mátti heyra Dagbjörtu Ingu, sem var í miklu upp-námi, stynja því upp, að ákærði væri búinn að drepa tíkina. Að beiðni Kristínar fór vitnið niður í íbúð ákærða að sækja tíkina, sem Kristín virtist ekki trúa, að væri dauð. Kom lögreglumaður til dyra, og sá vitnið, að tíkin var dauð á gólfinu og blóð í kringum hana, við hana og á henni. Hélt vitnið við svo búið upp í íbúð þeirra mæðgna og sagði þeim frá því, sem orðið var.

Vitnið Eggert Gunnarsson dýralæknir, Pverási 31 í Reykjavík, segir, að því og starfsbróður þess hafi fundist áverkar tíkurinnar það miklir, að óhugsandi væri, að hún hefði getað veitt sér þá sjálf. Var einkum um að ræða blæðingarnar undir húð á höfði dýrsins. Vitnið treystir sér ekki til að svara því, hvort fráleitt væri, að dýrið hefði veitt sér áverkana sjálft með því að hlaupa á miðstöðvarofn eða vegg. Vitninu finnst þetta hins vegar ólíklegt, en vekur athygli á því jafnframt, að það hafi ekki þekkt til dýrsins og geðslags þess. Telur vitnið það fara frekar eftir aldri dýrs en stærð, hversu hörð höfuðbein eru. Segir það dýrið hafa verið á miðjum aldri, sjö ára, en það svari til 49 man ára eftir viðmiðunarreglu í þessu efni. Vitnið segir um framburð ákærða um afskipti hans af hundinum, að hann gæti verið réttur miðað við þá áverka, sem komu í ljós við krufninguna. Ekkert er þó unnt að fullyrða í þessu efni.

Vitnið Sigurður Sigurðarson dýralæknir, Grafarholti við Vesturlandsveg í Reykjavík, segir, að þeim læknum hafi fundist áverkar tíkurinnar svo miklir, að ekki kæmi til greina, að hún hefði getað veitt sér þá sjálf. Var aðallega um að ræða áverka á höfði og blæðingar undir húð á höfði dýrsins. Ekki var þó um brot á beinum að ræða, heldur á nasabrjóski. Vitninu finnst fráleitt, að dýrið hafi veitt sér áverkana sjálft með því að hlaupa á miðstöðvarofn eða vegg. Blæðingarnar í kviðarholi dýrsins ásamt höfuðáverkunum hafi ráðið því áliti þess, að óhugsandi væri, að dýrið hefði veitt sér áverkana sjálft. Myndi það ekki breyta ályktun þess, þótt fyrir lægi, að dýrið hefði orðið tryllt af hræðslu. Mjög ósennilegt væri, að áverkar af slíku höggi gætu komið á kviðarhol hunds, sem hlypi á vegg eða miðstöðvarofna með höfuðið. Höfuðkúpur hunda séu harðar og brotni ekki auðveldlega, nema lamið sé á þær með hamri eða öðru þungu verkfæri. Áverkarnir á

höfði hundsins bendi til margra högga, en hugsanlegt væri, að hundurinn hefði fengið opið sár og mar á höfuðið með því að hlaupa með miklum hraða á hvassa brún. Höfuðkúpur fullvaxinna hunda séu glettilega harðar. Fullvaxinn sé hundur tveggja ára, en þó fari þetta eftir tegundum. Hundar séu sérstaklega viðkvæmir, ef þeir verði fyrir höggum á kviðarhol og höggið komi frá hlið. Vitnið segir framburð ákærða um afskipti sín af hundinum geta verið réttan miðað við þá áverka, sem komu í ljós við krufningu á kviðarholi hans. Þetta skýri þó ekki áverkana á höfðinu nema að því, er tekur til marsins, og skýri ekki blæðinguna í heilabúi hundsins. Vitnið telur hundinn hafa dáið af köfnun og hún ráðið úrslitum. Hyggur vitnið, að hundurinn hafi lamast af blæðingunum, sem voru í kringum heilann, en erfitt sé að fullyrða, hvort hundurinn hafi verið orðinn lamaður og meðvitundarlaus, þegar hann kafnaði.

Undanfari þeirra atburða, sem mál þetta fjallar um, er langur, og þykir rétt að gera grein fyrir honum í stuttu máli.

Húsið að Neðstaleiti 1 er fjöleignarhús með níu íbúðum og í maí sl. með fjórtán íbúum. Í húsinu eru í gildi húsreglur, og í 11. gr. þeirra er hunda- og kattahald með öllu bannað nema með sérstöku leyfi allra íbúa hússins. Með viðbót við reglurnar, sem samþykkt var á aðalfundi húsfélagsins 28. mars 1996, var jafnframt samþykkt sú viðbót við áðurgreinda 11. gr., að óheimilt væri að koma með hunda og ketti sem gesti í húsið. Þær Kristín og Dagbjört Inga vildu þrátt fyrir ákvæði húsreglna fá að halda hund í húsinu.

Með bréfi húsfélagsins að Neðstaleiti 1, dagsettu 17. október 1995, til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur var óskað eftir því, að leyfishafi hundsins yrði sviptur leyfi til hundahalds í húsinu, og tilgreindar ýmsar ástæður þess, svo sem margvíslegt ónæði og kvartanir, skriflegar og munnlegar, sem borist hefðu þáverandi formanni húsfélagsins, en það var ekki ákærði. Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti 19. september 1996 tillögu um að afturkalla leyfi Kristínar til hundahalds að Neðstaleiti 1, þar sem borgarráð hefði á sínum tíma tekið ákvörðun um að veita undanþágu frá banni við hundahaldi, þrátt fyrir það að ekki lægi fyrir samþykki allra íbúðareigenda í Neðstaleiti 1. Í tillögunni segir enn fremur, að samþykki borgarráðs fyrir fyrrnefndri undanþágu frá banni við hundahaldi hafi verið byggt á röngum forsendum, þar sem ekki hafi legið fyrir samþykki tveggja þinglýstra íbúðareigenda í húsinu. Þessi undanþága var frá 19. mars 1991. Í lok tillögunnar segir, að samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavík frá 1. júní 1989 sé algjörlega óheimilt að veita undanþágu frá banni við hundahaldi í fjölbýlishúsi (stigagangi), nema allir þinglýstir eigendur séu því samþykkir. Þessari samþykkt skaut Kristín til Hollustuverndar ríkisins, sem úrskurðaði

í málinu 13. desember 1996 og hafnaði kröfu Kristínar. Þeim úrskurði skaut Kristín til úrskurðarnefndar samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit, sem úrskurðaði í málinu 16. apríl sl. og staðfesti ákvörðun hollustuverndar. Ekkert liggur fyrir um það frá heilbrigðiseftirlitinu, að eigendur hundsins mættu hafa hann í heimsókn, hvorki til lengri né skemmri tíma, og upplýst er, að hundurinn var í húsinu hjá eigendum sínum a. m. k. langtímum saman, eftir að undanþágan var afturkölluð.

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærða sjálfs, að hann réðst að Dagbjörtu Ingu umrætt sinn og tók með valdi af henni tíkina Queeny. Um frekari atvik í stigaganginum nýtur ekki annars við en þess, sem ákærði og Dagbjört Inga bera hvort um sig. Verður ekkert um það fullyrt, hvort þeirra fari í því efni með rétt mál. Þó er sannað með læknisvottorði, að Dagbjört Inga bar eftir viðskipti þeirra ákærða í stigahúsinu nokkra áverka, sem lýst er í læknisvottorðinu og ákæru. Er sannað með hliðsjón af framburði ákærða og Dagbjartar Ingu, að áverkar hennar hafi ekki getað hlotist af öðru en átök-um þeirra í stigahúsinu um tíkina. Verður ákærði því sakfelldur fyrir lík-amsárás á Dagbjörtu Ingu þrátt fyrir neitun sína, enda ekki ástæða til að ætla, að áverkar hennar á handleggjum stafi af spörkum hennar og höggum á dyrnar að íbúð ákærða. Er þessi háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Ljóst er af krufningarskýrslu dýralæknanna, að dánarorsök tikurinnar var köfnun, og samrýmist það því, að hún hékk dauð í ólinni á hurðarhún-inum innan dyra hjá ákærða, þegar að var komið. Þá hefur ákærði sjálfur viðurkennt að hafa stigið nokkrum sinnum á tíkina og á fleiri en einum stað, þ. á m. á höfuðið, þótt hann neiti því að hafa barið hana og sparkað í hana. Sú frásögn ákærða, að tíkin hafi hlaupið á vegg, hurð, ofn og kannski skáp, er fjarstæðukennd, og verður ekki lagður trúnaður á hana. Þegar allt er virt, er sannað, að tíkin drapst af áverkum, sem ákærði veitti henni, enda þótt ósannað sé, hvort það hafi verið vegna barsmíða og sparka eða þeirrar háttsemi, sem hann hefur sjálfur lýst og dýralæknarnir telja hafa getað valdið dauða hennar. Hefur ákærði með þessu gerst sekur um brot á þeim ákvæðum, sem þetta er talið varða við í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann fyrir meira en 40 árum með sátt undir að greiða sekt fyrir brot á bifreiðalögum, en öðrum refsingum hefur hann ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga, en þar sem ákærði

hefur ekki áður hlotið refsingu og hefur, að best verður séð, framið brot sín vegna snöggs uppnáms, sem augljóslega á rætur að rekja til sífelldra ögrana Dagbjartar Ingu og Kristínar með brotum þeirra á banni við hundahaldi í umræddu fjöleignarhúsi, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og niður skuli hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gerð er krafa um, að ákærði verði sviptur heimild til þess að hafa dýr í umsjá sinni, sbr. 20. gr. laga um dýravernd. Enda þótt sannað sé, að ákærði hafi drepíð tíkina með háttsemi sinni, þykir ekki vegna þessa eina brots ákærða ástæða til þess að ætla, að varhugavert sé, að ákærði hafi dýr í umsjá sinni, enda ekkert, sem bendir til þess, að hætta sé á því, að þetta endurtaki sig, en samkvæmt lagagreininni skal beita henni, ef maður hefur gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögunum og reglugerðum, sem settar eru með stöð í þeim. Þá er til þess að líta, að eigendur hundsins virtu ekki húsreglur um bann við hundahaldi, og er leitt í ljós með því, sem fram er komið í málinu, að þær hafi með öllu hunsað þær. Með hliðsjón af þessu öllu þykir bera að sýkna ákærða af þessari kröfu ákæruvaldsins.

Í málinu liggja fyrir tvær bótakröfur, og er gerð grein fyrir þeim í ákæru, en ákærði mótmælir þeim báðum. Bótakrafa Dagbjartar Ingu er þannig sundurliðuð, að útlagður kostnaður er sagður samkvæmt fram lögðum gögnum nema samtals 44.926 krónum, miskabætur 450.000 krónum, lögmannskostnaður við gerð bótakröfu 53.182 krónum og virðisaukaskattur 13.030 krónum. Útlagði kostnaðurinn er vegna læknisvottorða, lyfja, læknisaðstoðar og kaupa á ljósmyndum og lögregluskýrslum. Bótakrafa Ingu og Kristínar er þannig sundurliðuð, að um er að ræða 350.000 krónur vegna miska, 300.000 krónur vegna verðmætis hundsins og 82.853 krónur vegna lögmannspóknunar við gerð bótakröfu.

Rétt þykir að taka fyrst afstöðu til bótakröfu Dagbjartar Ingu. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal sá, sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni, auk skaðabóta fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón einnig greiða bætur fyrir miska, ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar. Ekki liggja fyrir í læknisvottorðum um áverka Dagbjartar Ingu eða öðrum gögnum málsins upplýsingar um það, að um varanlegan miska sé að ræða, og þótt svo væri, liggur engin ákvörðun fyrir um miskastig, sbr. 10. gr. skaðabótalaga. Þá eru ekki skilyrði til að beita ákvæðum 26. gr. skaðabótalaga í máli þessu, sbr. Hæstaréttardóma 1995, bls. 1122. Samkvæmt þessu verður miskabótakröfunni vísað frá dóminum. Leitt er í ljós, að Dagbjört Inga var fyrir atburðina 16. maí sl. og er enn sjúklingur og hefur verið og er

undir læknishendi. Er ekki nægjanlega leitt í ljós, hvað af útlögðum kostnaði Dagbjartar Ingu, sem reikningar liggja fyrir um, er vegna háttsemi ákærða og hvað vegna annars sjúkleika hennar. Þykir því bera að vísa þessum liðum frá vegna vanreifunar. Þykir því, þegar allt þetta er virt, bera að vísa bótakröfu hennar í heild frá dóminum.

Um miskabótakröfu Ingu og Kristínar gildir hið sama og um sams konar kröfu Dagbjartar Ingu, og verður henni vísað frá dóminum. Fyrir liggur í málinu vottorð eins manns um skoðun hans á því, hvers virði tíkin Queeny hafi verið, og er bótakrafan um bætur vegna hennar reist á því. Þessi aðili hefur ekki komið fyrir dóminn og staðfest skoðun sína í þessu efni né rökstutt hana frekar, og ekki liggur fyrir vottorð matsmanna um verðmæti hennar. Ber því að vísa þessum lið kröfunnar frá dóminum. Samkvæmt þessu verður bótakröfunni vísað frá dóminum í heild.

Loks ber samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með taldar 100.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns, og jafnhárrar fjárhæðar í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Elín Vigdís Hallvarðsdóttir, fulltrúi lögreglustjóra, flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er sýknaður af kröfu ákærvaldsins um, að hann verði sviptur heimild til þess að hafa dýr í umsjá sinni.

Bótakröfum Dagbjartar Ingu Olsen og Ingu Guðmundsdóttur og Kristínar Olsen er vísað frá dóminum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 100.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns, og jafnháa fjárhæð í saksóknarlaun til ríkissjóðs.